



Málflutningsstofa Reykjavík ehf
Páll Rúnar M. Kristjánsson
Kringlunni 7
103 Reykjavík

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Arnarhváli 150 Reykjavík
sími: 545 9200 bréfasími: 562 8280
netfang: postur@fjr.stjr.is
www.fjarmalaraduneyti.is

Reykjavík 31. október 2011
Tilv.: FJR11100073/001-4

Efni: Beiðni um upplýsingar á nýtingu heimildar 18. gr. laga nr. 84/2007 um opinber innkaup

Vísað er til bréfs yðar, dags. 21. október 2011, móttaknu í ráðuneytinu 24. október 2011, og samhljóða bréfs dags. 26. október 2011 móttaknu í ráðuneytinu 27. október 2011. Í bréfunum er óskað er eftir því að ráðuneytið upplýsi um hversu oft heimild 1. mgr. 18. greinar laga nr. 84/2007, um opinber innkaup, hafi verið nýtt og hvort fyrirhugað sé að nýta umrædda heimild í nánustu framtíð.

Samkvæmt 18. grein laga nr. 84/2007, um opinber innkaup, er heimilt að afmarka útboðsferli við ákveðna hópa sem fullnægja skilyrðum lagagreinarinnar sem er svohljóðandi: „Heimilt er að takmarka rétt til þátttöku í útboði við verndaða vinnustaði eða miða samning við að framkvæmd hans fari fram samkvæmt áætlun um verndaða vinnustaði þar sem flestir starfsmenn eru fatlaðir þannig að þeir geta ekki sinnt starfi á venjulegum vinnumarkaði vegna starfsorkuskerðingar“. Lagagreinin veitir ekki heimild til að víkja alfarið frá innkaupareglum heldur gerir ráð fyrir því að þátttaka í einhverju því innkaupaferli sem löginn kveða á um sé takmörkuð við verndaða vinnustaði eða þá að samningur miði við að framkvæmd hans fari fram í samræmi við áætlanir um verndaða vinnustaði. Ráðuneytinu er ekki kunnugt um að framangreind heimild hafi verið nýtt í útboðsgögnum frá setningu laganna árið 2007. Jafnframt er ráðuneytinu ekki kunnugt um að ákvörðun hafi verið tekin um að nýta umrædda heimild í nánustu framtíð. Unnið er að endurskoðun á innkaupastefnu ríkisins og mun ráðuneytið horfa til ýmissa sjónarmiða við þá endurskoðun m.a. félagslegra sjónarmiða sem tengjast umræddri 18. gr. laganna.

Fyrir hönd ráðherra

Þórhallur Arason
Þórhallur Arason

Guðrún Ógmundsdóttir
Guðrún Ógmundsdóttir